

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 105/2003

frá 26. september 2003

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 41/2003 frá 16. maí 2003 ⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/51/EB frá 19. júlí 2002 um að draga úr losun mengandi efna frá vélknúnum ökutækjum, sem eru á tveimur eða þremur hjólum, og um breytingu á tilskipun 97/24/EB ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

I. gr.

I. kafli II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi bætist við í lið 45x (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/24/EB):

„, eins og henni var breytt með:

- **32002 L 0051**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/51/EB frá 19. júlí 2002 (Stjtið. EB L 252, 20.9.2002, bls. 20).“
2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 45za (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/24/EB):

„45zb. **32002 L 0051**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/51/EB frá 19. júlí 2002 um að draga úr losun mengandi efna frá vélknúnum ökutækjum, sem eru á tveimur eða þremur hjólum, og um breytingu á tilskipun 97/24/EB (Stjtið. EB L 252, 20.9.2002, bls. 20).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 193, 31.7.2003, bls. 6 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 39, 31.7.2003, bls. 4.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 252, 20.9.2002, bls. 20.

2. gr.

Texti tilskipunar 2002/51/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 27. september 2003 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 26. september 2003.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

Prins Nikulás af Liechtenstein

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes
M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.